

Sameiginleg bókun hverfisráða í Háaleiti/Bústaðum, Laugardal og Hlíðum:

Hverfisráð Háaleitis/Bústaða, Laugardals og Hlíða óskar eftir því að nýrri strætóleið verði komið á laggirnar í Reykjavík. Um er að ræða hringleið í báðar áttir sem tengir saman þessi hverfi í mið-Reykjavík. Ástæða þessarar óskar er að slík strætóleið yrði gríðarleg samgöngubót fyrir öll börn og ungmenni, sem sækja tómstundir, einkum íþróttastarf, milli hverfa, ekki síst í Laugardalinn. Auk þess yrði um að ræða mikla almenna samgöngubót fyrir menntaskólanema og eldri borgara sem og aðra notendur Strætó. Strætóleið þessi myndi einnig nýtast erlendum ferðamönnum vel, þar sem stoppað yrði við við mörg af helstu kennileitum borgarinnar. Þannig er líklegt að tekjur frá ferðamönnum myndu bæta rekstrarskilyrði leiðarinnar.

Leiðakerfið eins og það er nú byggir nær alfarið á austur - vestur leiðakerfum, en sárlega vantar strætóleið sem tengir betur saman hverfin í mið- Reykjavík, þ.e.tengingu milli norður og suðurhluta borgarinnar, innan borgarhluta austan Snorrabrautar og vestan Elliðaána. Þessi hringleið getur að öllum líkindum komið í veg fyrir hömlulaust skutl foreldra fram og til baka með börn í íþrótt- og tómstundastarf. Hverfisráðin leggja áherslu á að hér eru þarfir barna og ungmennta sett í forgang.

Um er að ræða strætó sem æki frá Hlemmi um Borgartún, Sundlaugaveg, Laugarásveg, Langholtsveg, Skeiðarvog, Réttarholtsveg, Sogaveg, Bústaðaveg og Snorrabraut að Hlemmi, í báðar áttir. Punktalínan á myndinni sýnir annan möguleika, þ.e. af Bústaðavegi inn á Flugvallarveg í vestur á Hringbraut og svo Hringbraut í austur inn á Miklubraut, Lönguhlíð og Laugaveg að Hlemmi.



Hér eru tengingar milli Miðborgar, Túna, Laugardals, Sundahverfa, Heimahverfa, Bústaða og Hlíða. Þannig verða til tengingar milli íþróttasvæðanna í Laugardal, Víkingssvæðis og Valssvæðis. Þá eru tengingar við MH, MS, HR og Tækniskólann sem og tengingar við söfn og frístundasvæði í Laugardal og tengingar við við Perluna frá öllum fyrrnefndum hverfum borgarinnar.